

BJARNI BJARNASON,  
Laugarvatni:

# PARFASTI *þjónninn*

Niðurlag.

Blakkur bar höfuðið ekki hátt en fallega. Hann var rennivakur (okkar gamla orðalag), og viljinn var nota-legur.

Brynjólfur tamdi Blakk. Jarðskjálftasumarið 1896 minnist ég kirkjuferðar til Krosskirkju í Austur-Landeyjum. Ofan við sjávarkambinn við Eyjasand var gljá, sem farið var eftir. Brynjólfur og Blakkur voru báðir með í ferðinni. Ekki man ég, hver reið Blakk. Á heimleið fór Brynjólfur að gefa Blakk nemanda sínum auga. Þetta skiptir engum togum. Að ósk Brynjólfss fóru allir af baki á grastó utan við gljána, og Brynjólfur óskaði eftir að fá að koma á bak folanum. Hann lagði við hestinn beizlið sitt og hafði hnakkaskipti. Svo skeðu atburðir, sem ekki hafa horfið úr huga mínum á langri ævi.

Fyrst fór Brynjólfur höndum um beizlisstengur, einkum þó keðjuna. Þessir hlutir voru smiðaðir af honum sjálfum í hans eigin smiðju, það vissu allir. Eitthvað dularfullt og töfrakennt var við þetta fitl, en hvað það átti að þýða skildi ég ekki þá. Við börnin urðum að riða við loddabeizli, og á þeim var engin dularfull keðja úr járnhringum. Jæja, allir fóru á hestbak og riðið var af stað. Allra augu mændu á sé-

---

sennilega muni rauðglámótta hrossakynið á Fljótsdals-héraði vera af sama stofni. Telur hann, að Páll heittinn Ólafsson muni hafa keypt blesóttu hryssu af Þorvaldi á Eyri, síðar í Núpakoti, og flutt austur, en petta hrossakyn er þekkt þar eystra fyrir vilja og flyti, sbr. kappreiðar Freyfaxa.

Þegar Blesi var átta vetra, eignaðist Þórhallur Friðriksson í Skógum hann og átti hann síðan til æviloka. Áður höfðu tveir eða þrír menn eignaðt hann, en það gekk ekki vel að hemja þetta ógurlega fjör. Þegar Þórhallur eignaðist Blesa, var hann mjög skeiðfastur, og nálegra óviðráðanlegur, en þetta breyttist allt við lægni og góðan aðbúnað hjá nýja eigadanum. Blesi hlaut hjá honum mikil og gott eldi, enda var hann með dugmestu hestum. Oft hlaut hann gæðingaverð-

lagana, kennarann og nemandann. Blakkur lyfti höfðiniu herra en hann var vanur, beit mélin, og einhver óvenjulegur fjörneisti færðist í svip hans, og það var svo einkennilegt að mér sýndist Brynjólfur líka vera breyttur. Venjulega var hann svo góðlátur og sítalandi við drengi, en nú þorði ég ekki að tala við hann um það, hvað Blakkur væri fallegur undir honum né neitt annað, hann var svo skrýtinn á svipinn, eithvert sambland af brosi og alvöru, eins og eithvað stæði til.

Brynjólfur reið dálítið til hliðar við aðalhópinn. Síðar skildi ég, vegna hvers hann gerði það.

Svo allt í einu skeði eithvað í sambandi við taumhaldið á hestinum, og hann þaut eins og kólfí væri skotið, og glöggt mátti sjá á hlið hests og manns. Petta augnablik hefur alla tíð staðið mér fyrir hugskotssjónum sem ógleymanleg og hrifandi endurminning um skeiðsprett, sem ekki atti sinn lika.

Móðir míin var yfirsetukona og auk þess þekkt fyrir hestamennsku. Hestur hennar hét Víkingur. Hann var ljósskjóttur. Hún reið honum ætið, þegar hún var sótt. Víkingur var vakur og léttvígur hestur.

Þegar Brynjólfur hleypti Blakk, heyrði ég móður mína segja orð, sem ég skildi ekki til fulls fyrr en síðar:

„þetta er flug,“ sagði hún.

Pessi orð skildi ég svo, að hesturinn kæmi raunverulega ekki við jörðina, mér sýndist það líka, enda höfðum við börnin oft heyrت kynjasögur um Brynjólf i Vatnahjáleigu á hestbaki og auk þess sögur um gandríð, hesta, sem skrýtið fólk þeysti á um háloftin, sögur um hinn fræga Hrimfaxa, sem sparn sér áfram á krapi skýjanna, og Skinfaxa, sem lýsti upp loftið og jörðina, og margar fleiri furðulegar sögur.

Hvers vegna skyldi kynjamaðurinn Brynjólfur ekki geta látið Blakk fljúga í loftinu?

Auk þess var sagt um harða reið: „Að riða í loftinu.“

---

laun hjá hestamannafélaginu Sindra í Mýrdal, og á Landsmóti L. H. á Þveráreyrum varð hann í sjóunda sæti. Þá var hann einn af fimm beztu gæðingunum á fjórðungsmótinu á Rangárþökkum 1955.

Og nú er hann fallinn.

Í grösugum hyammi móti suðri og sól hvíla beinin hans Blesa. Þar kveður Skógræks þungum rómi og áin brýzt áfram með óstóðvandi straumi. Þannig var hann Blesi. Þróttur hans minnti á afl fossins, og viljinn var eins og árstraumur, sem erfitt var að hefta.

Það er honum verðug grafaskrift að minna að lokum á orð þau, sem ég heyrði hinn aldna konung íslenzkra bestamanna, Ásgeir frá Gottorp, eitt sinn segja við Þórhall, eiganda Blesa: „Mig dreymdi hann margar nætur eftir að ég sá hann í fyrsta skipti.“

#### XIV.

*Töltgengra hesta* minnist ég ekki frá æskuárum mínum. Aðeins var talað um velgenga hesta og illgenga. Þeir, sem skeiðuðu, voru kallaðir velgengir, hinir illgengir. Þessar tvær gangtegundir skiptust svo í þýða hesta og hasta eða harða.

Algengara var að segja að hesturinn skokkaði en brokkaði. Hvorugu orðinu, skokkari eða brokkari, man ég þó eftir frá æsku minni. Höstum hestum var kennt að valhoppa (hoppa við fót). Þótti það þægilegur gangur í langferðum og talið var, að hestar varu úthaldsgóðir á þeim gangi. Skeið, skokk og valhopp voru allsráðandi gangtegundir í Landeyjum fram að síðustu aldamótum, eða þetta minnir mig fastlega.

Frá árunum 1896–1901 man ég mjög glöggt eftir mörgum hestum heima og úr nágrenninu með nöfnunum, sem ég get flokkað í þessar gangtegundir. Skeið og skokk er svo greinilegt, en valhopp var hestum mistamt. Þó að flestum höstum hestum væri kennt að hoppa við fót, var sumum þeirra það ekki tamt.

Væru hestar sérstaklega vel vakrir, voru þeir kallaðir rennivakrir eða flengvakrir, hinir lélegri lullvakrir eða gutlvakrir. Þó að móðir mín nefndi „flug“, heyrði ég ekki orðið flugvakur fyrr en löngu síðar. Um harða reið var algengast að segja: flengiða, riða í fleng eða að riða í loftinu. Stigi hestur þægilegt spor á hægagangi, var það kallað hýruspor. Væri hestur viljugar úr hlaði en dofnaði fljótt, var hann kallaður bakhlaupari.

Ekki man ég eftir neinum afrekhestum að gæðum í mínu nágrenni, en þol hesta var ótrúlega mikil. Sjaldan var riðið mjög hart, nema þegar sóttur var læknir eða yfirsetukona.

Áburðarhestum var heldur hlifst við reið vegna hinna erfiðu langferða. Langflestir riðu einhesta. Aðeins sýslumenn og stórbændur höfðu tvo til reiðar eða fleiri, einnig tamningamenn og sérstakir hestaaðáendur. Væru slíkir menn efnalitlir, var heldur heðst að þeim fyrir þetta.

Jafnan voru vakrir hestar meira metnir en klárhestar. Þeir kunnu oft bæði skokk og valhopp.

Þegar góðir reiðmenn ætluðu að leggja hest til skeiðs, hertu þeir á keðjunni og höfðu sterkan útbúnað i munni hestsins, enda allt heimasníðað, stengur, keðja og krókar. Þótti það örlagaríkt áfall, ef keðja slitnaði á skeiðspretti, því samstundis hleypти hesturinn upp, sögðu menn.

Ekki hef ég athugað, hvernig nútínamenn hagnýta beizli sín, en hitt veit ég, að Gustur minn fer sinna ferða sé keðjan ekki nokkuð stífl, og aldrei særst hann í munni. Hitt er annað, að kjálkabeizli er hreinn voði í höndum sumra manna. Sézt hafa mörg dæmi þess. Kannske er þó ekki alltaf illri meðferð að kenna. Lagnir og gætnir menn eru oft í vandræðum með hesta sína vegna viðkvæmni í munni.



Gangnahestarnir gegna oft erfiðu hlutverki. Þeir eru oft feitir á haustdaginn sökum lítilar brúkunar yfir sumarið, en oft mega þeir bera bæði mann og kind, eins og þessi mynd sýnir, sem tekin er norður á Eyvindarstaðaheiði.

#### XV.

*Brúkunarhestar* eða áburðarhestar, í mósetningu við reiðhesta, voru sem allra sjaldnast lánaðir til reiðar, og jafnan voru bændur mjög nízkir á hesta sína. Aðalhlutverk brúkunarhestanna var að bera þunga bagga, matvöru úr kaupstaðnum, heyband, torf, kekki og haug á haustin. Öðrum hestum, einum til tveimur á bæ, var hlifst við burði, en þeir aftur notaðir í erfðiðar reiðferðir, svo sem að sackja lækni og yfirsetukonu og aðrar skyndiferðir, svo og langferðir.

Engum, hvorki börnum né vinnuhjúum, datt í hug að snerta hest til eins eða neins án vitundar og leyfis húsbóndans. Enn voru reiðhestar heilagir: *Þá mátti ekki snerta til vanhelgrar vinnu.*

Að vísu var það ekki banasök, þótt smali gripi hest án leyfis, eins og hjá Hrafnkatlí forðum, en væri bónið mjög strangur eða hrokafullur, kostaði slíkt athæfi strangar ávitur og jafnvel fyrirlitningu, en sú framkoma gat líka valdið örlagaríkum afleiðingum fyrir þann, er fyrir slíku varð.

Sjaldan var farið með hryssur í langferðir vegna klumshættu. Þær voru notaðar í skögt heimafyrir. Börn notuðu þær til að smala kvíáum, færa mat á engjar, í sendiferðir o. þ. h. Venjulega voru þessar merar með



**Þessi mynd er tekin í júlí 1952. Þá voru nokkrir nemendur frá Hvannayri í grasaleit til esflingar þekkingu sinni í jurtafræði. Er þeir röltu um heiðar Borgarfjarðar reið fram á þá Ingólfur Eyjólfsson, bóndi á Horni í Skorradal. Ingólfur er bróðir Höskuldar á Hofsstöðum, sem nú er fluttur til Reykjavíkur og stundar tammingar hér í höfuðstaðnum. Hér ræðir Ingólfur við einn nemendannan, Þorkel Bjarnason frá Laugarvatni, nú hrossaræktarráðunaut. Eins og við sjáum hefir Ingólfur gæruskinn í hnakknum, en það er nú orðið fremur sjaldséð Myndina tók Prándur Thoroddsen.**

földum. Þær voru flestar níðlatar. Fullorðnum þótti það jafnvæl kostur. Krakkar gátu þá ekki riðið hart. Til dæmis varð ég oft að hlaupa af baki Skottu gömlu og treysta heldur á tvo jafnfljóta í eltingaleik við óþegar kvífarollur en það að fá Skottu á skokk, hvað þá meira. Þetta var oft erfitt og þungbært, en svona varð það að vera.

Brúkunarhrossin voru höfð kringum túnin og þá jafnan í hafti. Venjulega voru notaðar hnappheldur úr ull. Sumir notuðu einnig hrosshár. Ost urðu hross haftsár, einkum ef þau sluppu lengra en til var atlæzt. Í vætuð og á mýrlendi þurftu höftin mikla aðgæzlu. Daglega þurfti að færa þau upp og fækka eða fjölgja vindingum. Verst var, þegar hross strukur í höftum, og það var altítt. Einatt liðu margir dagar, þar til fréttist af þeim. Stundum syntu þau á strokinu yfir ár og vötun ótrúlega löng og erfið sund.

Ef strokuhestur var í hafti, kom það syrir, að hann særðist inn í bein. Það tók langan tíma að græða slik sár.

Girðingar voru hlaðnir garðar sjaldan nema kringum túnið, en þegar bezt lét einnig á skurðbökkum kringum engjastykki. Til voru líka á beztu bæjum náthagar fyrir kvíær.

Hross voru aðhaldslausr, nema ef tjarnir eða ófærar

keldur veittu syristöðu. Viðast hvar gekk allt í sömu högum á sumrin, kýr, kvíær og stóðhross, t. d. á Álabökunum í Austur-Landeyjum. Enn í dag sést sami gamli síðurinn í þessu efni.

Til skjóls fyrir stóðhross voru hlaðnir skjólgarðar. Þeir voru télaga (T) eða krosslag (+) þegar bezt lét. Brúkunarhrossin voru heima við og höfðu skjól undir kosum og tungörðum, þegar þau voru ekki hyst.

Hesthúsin voru jafnan fremur dimm, og þróngt var í þeim. Þó voru sums staðar til hesthús opin í mæninn. Þau voru björt og loftgöð. Á hrossajörðum voru þessi hesthús stór og aðallega athluð til skýlis í vondum veðrum. Þau nefndust tröð. Engir básar voru í hesthúsunum og hestar gengu lausir. Sumir baendur, sem einhvers máttu sín, hölluðu hesthúsin með staurum. Folöld voru höfð sér og oft með lömbunum. Þar leið þeim vel, og þó að lömbin væru miklu fljótætnari, áttu folöldin moðið upp á að hlaupa. Væru hellur nærtækjar, voru hesthús flóruð með þeim. Hellur voru líka notaðar í básssteina í ljós, sömuleiðis í flóranu og einnig í stéttar og á húspök undir torf, en þá þurfti trégrind undir þær, að minnsta kosti mæniás. Landeyingar urðu að sækja hellurnar um langa vegu, helzt upp í Fljótshlíð. Hellurnar varð að reiða á reiðingshestum, og þóttu þær vondur flutningur og fara illa með öll tæki, svo og hesta og menn.

Væru menn skeytigarlitir eða óathugulir, varð þeim ósjaldan hált á því að hafa sundurleit hross í sama hesthúsi ósundurhólfuðu. Í því gat verið fólgin mikil misgerð við málleysingjana, og því verr sá ég sorgleg dæmi um það, hvernig gef hross urðu afsetur án þess að nokkuð væri úr því bætt fyrr en aðvörun kom fram.

Merkur Reykvikingsur kom gæðingi sínum, Sóta, í fóður hjá trúverðugum bónda, G., í sveit. Þessi bóndi var beðinn af öðrum bónda, J., að taka að sér fola til tammingar, en með því að bóndinn G. taldi sig ekki aflögusáran með hey, höfðu þessir baendur, G. og J., fóðrakaup, og skyldi Sóti fara í stað folans, og skilyrðin voru eins og venja var, viðhaldsfóður af beggja hálfu. Baendur þessir voru sinn úr hvorri sveit og æðilöng leið milli þeirra. Um eftirlit var því ekki að ræða, enda engin tortryggni af hvorugs hendi.

Sóta bar að skila um lokin. G. gerði sér því ferð mánuði fyrr með folann. Hann var þá sæmilega taminn, strokinn og vel alinn.

Síðasta mánuðinn ætlaði G. að nota til að dúa Sóta til, herða á eldinu og láta hann ganga úr hárum svo sem verða mætti, því að hann vildi gleðja eigandann með því að láta hestinn líta sem allra bezt út, þegar honum væri skilað.

Þegar svo G. sá Sóta, brá honum heldur í brún. Hér hafði skeð einn af þessum bágu atburðum, sem eiga sér stað þegar ókunnugur hestur og gæfur er láttinn inn í óhólfad hesthús hjá heimahestum og gegninga-

menn eru sinnulausar rolur, sem ekkert auga hafa syrir útliti og líðan þeirra gripa, sem þeir umgangast og fóðra.

Sóti var aðeins svipur hjá sjón, sármagur, úsinn, og þjánings skein úr augum hans.

Nú voru góð ráð dýr. Hverníg varð þessu athæfi bjargað? Allir hestamenn vita hvernig fer, ef horaður hestur er skyndilega tekinn í eldi, en þó varð nú að freista þess og biðja hins bezta. Þetta fór eins og við mátti búast. Þegar Sóti tók við sér og fór að braggast, skálðaðist hann allur. Lesendur og hestavinir geta gert sér í hugarlund kvöld þá, sem misgerð sú, sem að fram-an er lýst, olli eiganda Sóta og bónadanum, sem tók hann í fóður. Þriðji maður brást trúnaði og varð valdur að illri meðferð á góðum gripi, skaða og skömm. Þó var hér ekki um mannvonzu að ræða heldur doða og vandræðasinnuleysi.

## XVI.

*Reiðverin* voru: hnakkur, söðull, þófi og gæruskinn. Konur riðu einvega, þ. e. í söðli, en karlmenn í hnakk. Þó man ég dæmi til þess, að rosknar konur, sem ekki áttu söðul né gátu fengið hann lánaðan, riðu tvivega á þófa. Var þá lagt tvöfalt band yfir þófann og lykkjurnar hafðar fyrir istöð. Ungar stúlkur riðu oft á þófa eða gæruskinni eins og drengir. Beízlin, sem notuð voru hversdagslega, voru kölluð bandbeizli í mótssetningu við kjálkabeizli, sem nu eru kölluð reiðbeizli. Bandbeizlin voru ýmist úr ull eða hrosshári. Band úr vondri ull og togi var nefnt loddaband. Stundum voru fléttuð beizli úr því bandi. Þau nefndust loddabeizli. Hrosshársbeizlin voru sár viðkomu og hörð. Þau voru því mjög ónotaleg fyrir skinnssárar hendur barna. Hár-in rákust í sprungur og rispur, en ullartaumar voru mjúkir og notalegir. Taumurinn var með trétyppi á öðrum endanum, svo að hann slýppi ekki í gegnum högldina, sem hann rann í. Auðvelt og fljótlegt var að gera tvíteyming eða einteyming eftir því, hvort hent-aði betur. Alltaf höfðum við tvíteyminginn krosslagðan fyrir aftan kjálka reiðskjótans.

Ef hestar voru magrir, tókum við með okkur gæruskinnumssnepil og riðum á því. Annars riðum við berbakt heima fyrir. Flest börn fyrri tíma fengu að kenna á rasssæri af því að riða mögrum og háhryggjuðum hrossum berbakt eða á lélegu reiðveri.

Einn af erfiðleikum barnanna var að komast á bak smalahesti sínum. Væri þýlt, var valin bakþúfa, en án hennar var reynt að teygja annan fótinn upp í krosslagðan tauminn. Gæfi reiðskjótinn þá mátulega eftir í hálsinum, eins og margir hestar gerðu, tókst að kom-ast á bak. Þá var reynt að nota smalasporið, en þar var hátt að stíga, og mistókst sú tilraun oft. Varð því einatt að teyma langa leið til að finna bakþúfu, sem naugði. Markmiðið var að bjarga sér og yfirbuga alla erfiðleika, hvað sem það kostaði.

Oft virtist reiðskjótinn vilja hjálpa barninu, og margir gamlir hestar eru undraljúfir við börn. Sagt var að viljugir hestar hefðu verið miklu gæfari við konur, sem riðu í söðli, en við karlmenn í sínum hnökku.

Til eru margs konar sögur um vit hestsins og skipti barna við þá og enn fremur samskipti hests og hús-bóna hans. Ég læt öðrum eftir að skrifa um þau fyrirbæri, en læt þó fylgja eina slíka sögu, sem skeði fyrir 40–50 árum:

Jón í Norðurkoti á Eyrarbakka keypti fola af ná-granna sínum. Hann var rauður með hvít lauf í enn-inu og hét Laufi. Um haustið sendi Jón vinnumann sínum, Sigurð að nafni, á Flóamannafrétt og lét hann riða Laufa. Hann var þrekmikill og fallegur hestur.

Skeiðaráttir eru haldnar daginn eftir að komið er með safnið, og ekki er drætti lokið fyrir en síðla réttardagsins. Eru menn þá orðnir þreyttir og syfjaðir eftir vökuótt og mikla vinnu, einkum þó fjallmennirnir. Þá er eftir að reka fóð heim, og lenda flestir í myrkri með rekstra sína.

Þegar Eyrbekkingar voru komnir út undir Skeggjastaði, víku þeir fínu norður af veginum og áðu þar í mýrinni. Þeir skiptu sér í two hópa. Gætti annar fjárlins. Hinn skrapp að Skeggjastöðum að fá sér kaffi.

Í síðari hópnum voru þrír menn. Þegar þeir fóru til kaffidrykkjunnar, áttu hinir að siga af stað með fóð. Meðal þeirra var Sigurður á Laufa.

Þegar að lokinni drykkjunni og þessir þrír menn komu niður á þjóðveginn hjá Skeggjastöðum, var reksturinn farinn fram hjá, en þeir heyrðu að hestur kom þjótandi í myrkrinu úr þeiri átt, sem að var. Einn þeirra greip hestinn og kennir þar Laufa með hnakk og beizli, og þar eð beizlið var uppi á makka, héldu þeir að Sigurður hefði dottið af baki. Hins vegar vissu þeir ekki annað en að hann hefði fylgt rekstrinum. Samt snelu þeir aftur með Laufa í taumi og riðu til baka austur veginn. Eftir nokkra reið kippir Laufi taumnum úr hendi þess, er teymdi, þýtur norður af veginum og út í mýri. Mennirnir þeystu á eftir og urðu að hafa sig alla við að tapa ekki af Laufa út í myrkrið. Fljótlega stanzar hesturinn og þar liggur Sigurður steinsofandi. Örpreyttur hafði hann sofnað þarna án þess að félagar hans veittu því athygli í myrkrinu, og Laufi staðið yfir honum alllengi, en þegar honum tókst ekki að vekja knapa sinn, hefur hann sveiflað taumnum upp á hálsinn á sér og þotíð á eftir félögnum, en skynsamir ferðamenn veittu honum svo takifjeri til að leiða leitarmenn að vini sínum sofandi. Þess skal getið, að áfengi olli þessu ekki, heldur þreyta og svefnleysi eftir vökuáetur og volk.

Kristinn Hróbjartsson innheimtumaður, gamall Eyrbekkingur, sagði mér þessa sögu og var hann maðurinn, sem teymdi Laufa, þegar hann kippti af honum taumnum.